sem að ofan er á vikið að af því mundi leiða í viðskiptum manna á milli, ef þær ákvarðanir um vogarlóðin, sem nú eru í gildi í konungsríkinu, ekki bráðlega yrðu lögleiddar á Íslandi, og biður stjórnarráðið yður því, herra stiptamtmaður, að skýra frá áliti yðar um málið í heild sinni og sérstaklega um það, hverjar breytingar kynni þurfa að gjöra við lög þessi, ef þau yrðu lögleidd á Íslandi. 1861. 21. marz.

Eitt exemplar af lögunum frá 19. febrúar 1861 og af auglýsingum innanríkisstjórnarinnar frá 21. júním. 1861 og 30. júním. 1863 fylgir hèrmeð yður til eptirsjónar.

---

24. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun hreppstjóra. 21. marz.

Með þegnlegri skýrslu, dags. 15. septemberm. f. á., hafið þèr, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúi á alþingi því, er haldið var árið 1863, sent hingað þegnlega bænarskrá þingsins um, að hreppstjórum, sem lögregluþjónum, verði fyrst um sinn veitt frá 20 til 60 ríkisdala þóknun úr ríkissjóði, eptir örðugleika hreppanna og öðrum þesskonar málavöxtum.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir íhugað mál þetta, verður hún að álíta það víst, að ekki geti fengizt veitt úr ríkissjóðnum nein laun handa hreppstjórunum; en þareð því á hinn bóginn eigi verður neitað, að borgun sú, sem embættisþjónar þessir fá fyrir störf þau, er þeir hafa á hendi sem rèttarþjónar og lögregluþjónar (en hún er í því fólgin, að þeir eru undanþegnir gjöldum til ríkissjóðsins, fá nokkrar aukatekjur m. m.), er næsta lítil og samsvarar á engan hátt störfum þeirra, og að það þessvegna væri æskilegt, að bætt yrðu kjör þeirra, þá skorar stjórnarráðið á yður, herra stiptamtmaður, ef þèr eruð á sama máli um þetta, að láta í ljósi álit yðar um, með hverju móti launabót sú, sem hèr er um rætt, muni geta fengizt. Eptir áliti stjórnarráðsins gæti í því efni helzt orðið umtalsmál að fá fèð úr jafnaðarsjóðum amtanna, og í því tilliti skal stjórnarráðið

1864. 21. marz. leiða athygli yðar að lögum, sem út komu fyrir Danmörku 4. marzm. 1857, og eru þar ákveðin árleg laun, að upphæð frá 20 til 100 rd., úr jafnaðarsjóðum amtanna handa sóknarfógetunum, en störf þeirra eru öldungis samkynja þeim, er hreppstjórarnir hafa á hendi sem rèttarþjónar og lögregluþjónar. Til að hlífa jafnaðarsjóðunum sem mest, væri ef til vill ráðlegast að skipa málinu á þann hátt, að hreppstjórarnir fengju ekki endurgjald þetta fyrri en eptir nokkurra ára þjónustu, t. a. m. eptir 3 ár, og að upphæðin, sem ákveða ætti á hverju ári innan vissra takmarka, skyldi fara vaxandi í hlutfalli við það, hversu lengi hver og einn hefði haft hreppstjórn á hendi.

---

30. marz. **25. Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um fjárhagslögin fyrir fjárhagsárið 1864—65.**

Með brèfi þessu sendir stjórnarráðið yður, herra stiptamtmaður, eptirrit af þeim kafla, er Ísland snertir, í fylgiskjali, er heyrir til fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1864—65, er staðfest voru af konungi 21. þ. m., og skal yfirhöfuð um þetta málefni skýrskotað til þess, sem þegar eins stóð á var tekið fram í brèfi hinnar íslenzku stjórnardeildar 15. aprílm. 1851, einkum um þau atriði, er nú skal greina:

að öll laun og hlunnindi embættismanna og embættisþjóna, sem tilgreind eru í fjárlögum hvers árs, skal borga hlutaðeigendum afdráttarlaust, eptir þeirri upphæð, sem til er tekin fyrir hvern þeirra, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í opnu brèfi 31. maím. 1855 1. gr., án þess nokkra sèrstaklega skipun þurfi að gjöra um borgunina, og án þess tekið sè til greina, hvort launin í fjárlögunum eru sett hærri eður lægri en áður hefir verið;

að þegar embættismenn á Íslandi vilja fá laun sín borguð úr aðalfèhirzlu ríkisins, þá verður ekki annað ávísað en það, sem eptir áður sögðu er komið í gjalddaga, þá er embættismaðurinn æskir borgunarinnar. Landfógeti verður og ávallt